

Föstudaginn 13. marz 1942.

Nr. 9/1942. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Gústav A. Sveinsson)

gegn

Hálfdáni Steingrímssyni

(Gunnar Þorsteinsson).

Bifreiðalagabrot. Sýknað af ákæru um manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna héraðsdómsins þykir bera að staðfesta hann, þó svo, að refsing ákveðst 500 króna sekt í rikissjóð og komi 20 daga varðhald í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflytningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 170 krónur hvorum.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að refsingin ákveðst 500 króna sekt í rikissjóð, og komi 20 daga varðhald í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Hálfán Steingrímsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflytningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflytningsmannanna Gústavs A. Sveinssonar og Gunnars Þorsteinssonar, 170 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 5. des. 1941.

Ár 1941, föstudaginn 5. desember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómará, upp kveðinn dómur í málinu nr. 3310/1941: Réttvísinn og valdstjórnin gegn Hálfdáni Steingrímssyni, sem tekið var til dóms 22. nóvember sama ár.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Hálfadáni Steingrímssyni, bifreiðarstjóra, Ingólfsstræti 3 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940, bifreiðalögum nr. 23 1941 og umferðalögum nr. 24 1941.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. september 1920, og hefur eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Hinn 20. september síðastliðinn, um kl. 11,20 árdegis, í björtu veðri og þurru, ók ákærður vöruflutningsbifreiðinni R. 1604, sem er eign hans og Kjartans bróður hans, hlaðinni sandi frá sandgryfjum bæjarins vestur Suðurlandsbraut áleiðis til bæjarins. Við hlið ákærðs í bifreiðinni sat Magnús Jóhannesson, verkamaður, Bræðraborgarstig 26 hér í bænum, sem mokaði ásamt ákærðum sandi á bifreiðina og að nokkru leyti af henni, en þeir höfðu unnið saman að sandflutningi þenna dag frá kl. 7 árdegis. Samkvæmt samhljóða framburðum ákærðs og Magnúsar var ökuhraðinn 20—25 km miðað við klukkustund, en hraðamælir bifreiðarinnar var óvirkur, og hafði hann verið það frá því ákærður fór að aka bifreiðinni í ágúst s. l. Fyrir austan gatnamót Suðurlandsbrautar og Langholtsvegur er dálítill brekka, og ók ákærður upp hana á þriðju gangskiptingu, en á bifreiðinni eru fjórar gangskiptingar.

Þegar ákærður nálgast Langholtsveginn, sá hann, að strætisvagn hafði stöðvazt norðan megin á Suðurlandsbraut, austan við Langholtsveginn. Strætisvagninum var ekið af stað austur Suðurlandsbraut áður en ákærður komst á móts við hann, og tók ákærður þá eftir því, að tveir drengir stóðu eftir á norðurbrún Suðurlandsbrautar og á að gizka á miðjum Langholtsveginum, þar sem hann kemur á Suðurlandsbraut. Annar þessara drengja var Jón Bjarni Finnjónsson, Sogabletti 9, fæddur 28. ágúst 1934, en óupplýst er, hver hinn drengurinn var, en hann var minni en Jón Bjarni. Hafa þeir að öllum líkindum komið með strætisvagninum og farið þarna út úr honum. Ákærður veitti drengjunum ekki frekari athygli og ók áfram á líkum hraða og áður úti á vinstri brún vegarins. Þegar hann var kominn svo nálægt drengjunum, að hann varð að horfa mikið til hliðar og fram til að horfa beint á þá, sá hann þá standa úti á vegkantinum, og var ákærðum þá grunnlaust um, að þeir, annar eða báðir, ætluðu suður yfir veginn. Allt í einu tók ákærður eftir, að stærri drengurinn, Jón Bjarni Finnjónsson, var kominn beint fram fyrir hægra frambretti bifreiðarinnar í ca. 1—2 metra fjarlægð frá bifreiðinni, að því er ákærður gizkar á. Ákærður sté þá á fóthemma, drap á gangvél bifreiðarinnar, sneri bifreiðinni til hægri til að reyna að forða slysi og greip því næst í handhemilinn, en bifreiðin rann áfram og rakst á drenginn og féll hann á veginn mitt á milli framhjólanna,

að því ákærðum virtist. Ákærður varð ekki var við, að framhjól bifreiðarinnar færi yfir drenginn, en honum virtist vinstra afturhjóla fara yfir hann. Skömmu vestar á veginum — ca. þremur bifreiðalengdum eftir því sem Magnús Jóhannesson telur — tókst ákærðum að stöðva bifreiðina úti á vinstri vegbrún, og þar stóð hún óhreyfð, þar til lögreglan kom á staðinn. Eftir áreksturinn lá drengurinn meðvitundarlaus á syðri vegbrún, og sneru fætur hans inn á veginn. Amerískir hermenn, er þarna bar að, útveguðu sjúkrabifreið, sem flutti drenginn strax á Landsspítalann, en er þangað kom, var hann dáinn. Krufning leiddi í ljós, að hann hafði orðið fyrir afar miklum innvortis meiðslum við slysið, er leiddu hann til bana.

Vitnið Magnús Jóhannesson sá drengina standa á norðurbrún Suðurlandsbrautar, þegar strættisvagninum var ekið af stað. Hann veitti drengjunum svo enga athygli fyrr en hann sá stærri drenginn hlaupa þvert yfir veginn, og telur hann þá drenginn hafa verið um hálfu bifreiðalengd fyrir framan bifreiðina og nærri kominn í stefnu hennar. Vitnið gerði ekkert til að vekja athygli ákærðs á drengnum, en rétt um sama leyti varð ákærður hans var, hemlaði og vék bifreiðinni til vinstri að vitnið telur, en um þetta atriði ber vitninu og ákærðum ekki saman, og ber að byggja á framburði ákærðs um þetta atriði.

Eigi hefur orðið upplýst um önnur vitni að atburði þessum en Magnús. Ákærður var vel fyrir kallaður, er slysið gerðist.

Sama daginn og slysið gerðist skoðaði bifreiðaeftirlitið bifreiðina R. 1604. Verkuðu hemlar hennar lítið sem ekkert, og dró því lítið úr hraða bifreiðarinnar, þótt þeim væri beitt að fullu, enda lágu þeir í, sem kallað er, og hitnuðu við aksturinn, sérstaklega á afturhjólnum. Auk þessa segir í vottorði bifreiðaeftirlitsins um skoðun þessa, að hemlarnir hafi ekki verið rétt stilltir, en ekki muni þurfa að leggja mikla vinnu í að koma þeim í lag aftur. Bifreið þessi hafði verið skoðuð og reynd í akstri 11. september s. l., og var þá ekkert athugavert við hemla hennar eða annað. Við skoðunina 20. september reyndist horn bifreiðarinnar óvirkt. Daginn áður en slysið varð, var ákærður á bifreiðinni R. 1604 að aka vörum frá sjó á Kjalarnesi, og lentu þá hemlar bifreiðarinnar í sjó, og eftir það virtist ákærðum hemlarnir slakari en venjulega, og ætlaði hann að láta athuga þetta á verkstæði. Að morgni slysdagsins kveðst ákærður þó ekki hafa orðið var við, að hemlarnir væru verri en vant var. Vitnið Magnús hefur borið, að ákærður hafi slysdagsmorguninn talað um við sig, að hemlarnir væru ekki nógu stífir eða verkuðu ekki nógu vel. Ákærður minnst ekki að hafa sagt þetta, en vill þó ekki véfengja þenna framburð vitnisins.

Ákærður hefur haldið því fram, að þó að hemlar bifreiðarinnar hefðu verið í lagi, hefði sér verið ómögulegt að forða slysinu með því að stöðva bifreiðina, því að bifreiðin hafi verið komin svo nálægt drengnum, þegar hann hljóp inn á veginn, og þar sem telja verður, að drengurinn hafi hlaupið inn á veginn ca. hálfri bifreiðalengd fyrir framan bifreiðina og að ákærður hafi ekki tekið eftir honum fyrr en framendi bifreiðarinnar átti ekki eftir nema 1—2 metra að honum, verður að telja þessa skoðun ákærða rétta. Að visu gerðist slysið á gatnamótum, en þar sem engin byggð er þarna í næsta umhverfi, umferð var engin í næstu nálægð, svo upplýst sé, og ákærður hafði séð drenginn standa úti á vegarbrún, verður þess eigi krafizt, að ákærður æki hægar en hann gerði. Drengurinn hefur í einu veffangi hlaupið inn á veginn, og getur rétturinn eigi séð, að ákærðum verði gefið að sök, þó að hann tæki ekki eftir þessari hreyfingu drengsins fyrr en hann var kominn fram fyrir bifreiðina. Að öllu athuguðu getur rétturinn eigi talið ákærðan bera refsiverða sök á dauða drengsins. Ber því að sýkna hann af ákæru réttvisinnar í máli þessu.

Með því að aka bifreiðinni með óvirku horni, óvirkum hraðamæli og lítt nothæfum hemlum hefur ákærður brotið 6., 9. og 10. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941.

Umferðalögin virðist ákærður ekki hafa brotið.

Samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna þykir refsing ákærðs hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Gunnars Þorsteinssonar, kr. 75.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærður, Hálf dán Steingrímsson, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Gunnars Þorsteinssonar, kr. 75.00.

Þómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.